

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla 2021-2022



Andri Hnikarr Jónsson

Bjarney Guðrún Jónsdóttir



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í dreifbýli sem hefur verið starfræktur sem slíkur síðan 1988. Saga skólahalds á Laugum er mun lengri en samfellt skólastarf hefur verið á Laugum síðan 1925 þegar Alþýðuskóli Þingeyinga tók til starfa. Framhaldsskólinn á Laugum er í dag með þá sérstöðu að vera eini framhaldsskóli landsins með áfangakerfi sem rekur heimavist og er í dreifbýli.

Einkunnarorð skólans eru *metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi*. Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum upp á vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að skólinn sé framsækinn og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustur og velferð nemenda og starfsfólks. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Innra mat er einn af þeim þáttum sem tryggir að skólastarfið sé í stöðugri þróun. Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. og 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat á að ná yfir sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila. Með því er hægt að stuðla að umbótum og auknum gæðum innra starfs auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Sjálfsmatsteymi er skipað að skólameistara og í því sitja tveir kennarar. Núverandi teymi er á fjórða starfsári sínu og í því sitja Andri Hnikarr Jónsson og Bjarney Guðrún Jónsdóttir. Sjálfsmatsteymi skilar af sér skýrslu í lok hvers skólaárs sem birtist á heimasíðu skólans. Sjálfsmatið á að tengjast stefnu og markmiðasetningu skólans og leggja mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd hennar og eftirfylgni.

Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum

	Haust 2021	Vor 2022
Dagskólanemar	102	89
Nemendur utan skóla	18	28
Nemar í Námsveri á Vopnafirði	2	2
Kennarar	15	15
Brottfall	2,3%	4,6%
Brautskráðir	0	31
Einingarfjöldi	3672	3347
Einingum lokið	3275 (89,2%)	2934(87,7%)

Í upphafi skólaárs voru 102 dagskólanemendur skráðir í skólann, 18 nemendur í nám utan skóla og 2 nemendur í námsverinu á Vopnafirði. Það eru í svipaður heildarfjöldi nemenda og hóf nám veturinn þar á undan en með lítilsháttar aukningu dagskólanemenda. Í úrbótaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 var markmiðið að brottfall nemenda myndi ekki mælast hærra en 5%. Það markmið náðist á síðasta skólaári enda brottfall á haustönn einungis um 2,3% og á vorönn 4,6%.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum

Meginmarkmið Framhaldsskólans á Laugum tengjast námskrá framhaldsskólans ásamt því að leggja áherslu á sérkenni skólans. Einkunnarorð skólans metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi fléttast svo inn í allt starf skólans þannig að allir fái notið sín í leik og starfi.

Áherslan er á að í skólanum sé:

- ✓ Góður staðblær og skólabragur
- ✓ Verkefnavinna og símat með áherslu á námshæfni hvers og eins
- ✓ Öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- ✓ Notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilþáttur í starfseminni

Metnaður

Nemendur og starfsfólk hafi metnað fyrir því sem við gerum, fyrir okkur sjálfum og skólanum okkar og stuðlum að bættum árangri með því að:

- ✓ Setja markmið og fylgja þeim
- ✓ Vita hvað við viljum og hvert við stefnum
- ✓ Vera óhrædd við að gera mistök á leiðinni

Trúmennska

Nemendur og starfsfólk er trú sjálfum sér og skólanum og stuðla þannig að betri líðan með því að:

- ✓ Styðja hvert annað
- ✓ Gæta sameiginlegra hagsmuna

Tillitssemi

Nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi með því að:

- ✓ Bera ábyrgð á líðan sinni og hegðun

Glaðlyndi

Nemendur og starfsfólk gefi af sér og bæti skólabraginn með því að:

- ✓ Vera til staðar og hafa ánægju af verkefnum sínum

Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2020-2021

Sjálfsmati skólans er grundvöllur umbótastarfs í skólanum og til þess að þjóna þeim tilgangi þarf það að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins á víðum grundvelli frá stjórnunarháttum til samskipta innan skólans. Hér að neðan má sjá þá þætti og matsaðferðir sem voru notaðar á skólaárinu 2021-2022 og er í samræmi við sjálfsmatsáætlun skólans sem gildir til vorsins 2023 sem má finna á heimasíðu skólans. Við höfðum þó bætt við einum lið sem ekki náðist að vinna í fyrravetur vegna takmarkana sem voru í gildi vegna Covid en það var skólafundur sem haldin er árlega en helstu niðurstöður hans verða birtar í þessari skýrslu.

Mat og matsaðferðir veturinn 2021-2022

- ✓ Kennslukönnun á meðal nemanda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á efninu, námsmatsaðferðir, viðmót og fleira. Könnunin er meginleg netkönnun
- ✓ Mat kennara á eigin áföngum í lok hverjar annar. Samanburðarspurningar úr áfangamati settar inn af sjálfsmatsnefnd eftir að niðurstöður eru klárar ef ástæða þykir
- ✓ Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, úrskrift, brottfall, meðaleinkunna, skólasókn og fleira
- ✓ Stjórnun og skipulag- upplýsingar fengnar í gegnum Stofnun ársins
- ✓ Starfsmannaviðtöl tekin af aðstoðarmanni skólameistara
- ✓ Viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks um líðan, skólabrag, einelti og fleira
- ✓ Viðhorfskönnun foreldra til skólans
- ✓ Skólafundur- úrvinnsla ganga frá honum

Matsaðferðir og gagnaöflun veturinn 2021-2022

Tímaáætlun

	H-2020	V-2020	Hver	Hvernig
Kennslukannanir	Fél.br/Kjörsv.	Nát.br/Íþr.br	Nemendur	Netkönnun
Námsver		maí	Verkefnistjóri	Skýrsla
Stafsmannaviðtöl		mars	Skólastjóri	
Viðhorfskönnun	nóv		Nemendur	Skólapúlsinn
Mat kennara á eigin áföngum	des	maí	Kennarar	Netkönnun
Greining á tölulegum gögnum	des/jan	júní	Áfangastjóri	Inna
Foreldrakönnun		jan	Foreldrar	Netkönnun
Stofnun ársins		x	Starfsmenn	Netkönnun
Stjórnun og skipulag		mars	Starfsmenn	Stofnun ársins
Endurskoðun áætlunar	nóv		Sjálfsmatsnefnd	Úrbótaáætlun
Ný matsáætlun		maí	Sjálfsmatsnefnd	
Sjálfsmatsskýrsla			Sjálfsmatsnefnd	

Kennslukannanir

Kennslukannanir eru gerðar á báðum önnum vetrarins og skiptum við þeim upp eftir brautum. Á haustönn var gerð könnun í níu áföngum á náttúrufræði- og íþróttabraut ásamt því að gerð var könnun í íslensku á almennri braut. Á vorönn var könnun gerð á 9 áföngum á félagsfræði- og kjörsviðsbraut. Í ár breyttum við aðeins spurningarlistanum og bættum við spurningum er snúa að kennaranum sjálfum og mati á vinnuframlagi nemenda og brutum upp spurningar sem spurðu um hóp- og námstíma. Einnig felldum við út allar spurningar um Covid-19 og verklega kennslu.

Í könnuninni eru alls 25 spurningar sem fjalla um kennslu, kennslufyrirkomulag, skipulag, vinnufrið, námsmat og aðgang að aðstoð kennara. Allar spurningar hafa svarmöguleikana: mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála. Ein opin spurning er í könnuninni þar sem nemendur geta komið einhverju sérstöku á framfæri.

Mats kvarðinn sem sjálfmatsnefnd setti upp í kennslukönnunum er eftirfarandi:

- ❖ Mjög sammála =1
- ❖ Frekar sammála = 2
- ❖ Frekar ósammála =3
- ❖ Mjög ósammála =4

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda sé með einkunnina 1 eða 2 en úrbætur virkjaðar ef einkunnin fer niður fyrir 85%.

Kennslukannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í Microsoft forms. Kennarar fengu link inn á könnunina og settu inn á sína hópa í gegn um Moodle eða Teams.

Niðurstöður kennslukannana

Óvenju margar spurningar náðu ekki matsviðmiði skólans og er það áhyggjuefni. Á báðum önnum voru of margar spurningar sem voru undir viðmiðum og þarf að skoða það vel fyrir næsta skólaár.

Eftirfarandi spurningar náðu ekki matsviðmiðum.

Haustönn

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Fagtímar í áfanganum nýtast mér vel	78,62%	21,38%
Í fagtímum fæ ég tækifæri til að vinna að hópverkefnum	80,69%	19,61%
Góður vinnufriður er almennt í náms- og hóptímum	83,33%	16,67%
Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í náms- og hóptímum	73,83%	26,17%
Ég leita til annarra kennara í náms- og hóptímum til aðstoðar við verkefni í áfanganum	63,28%	36,72%
Markmið og kennsluáætlanir í áfanganum voru skýr í upphafi annar	84,83%*	15,17%
Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga	82,07%	17,93%
Mér finnst þessi áfangi skemmtilegur	67,12%	32,88%
Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður upp á ef ég þarf frekari aðstoð. (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur).	81,15%	18,85%
Mér gengur vel í áfanganum	82,76%	17,24%
Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfanganum	83,45%	16,55%
Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð verkefna	82,07%	17,93%

*Ómarktækur munur

Vorönn

Spurningar	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Fagtímar í áfanganum nýtast mér vel	83,56%	16,44%
Í fagtímum fæ ég tækifæri til að vinna að hópverkefnum	71,23%	28,77%
Góður vinnufriður er almennt í náms- og hóptímum	72,60%	27,40%
Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í náms- og hóptímum	82,22%	17,78%
Ég leita til annarra kennara í náms- og hóptímum til aðstoðar við verkefni í áfanganum	56,67%	43,33%
Námsmat í áfanganum var skýrt í upphafi annar	84,93%*	15,07%
Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga	76,71%	23,29%
Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil.	79,45%	20,55%
Mér finnst þessi áfangi skemmtilegur	76,71%	23,29%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga.	71,23%	28,77%
Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður upp á ef ég þarf frekari aðstoð. (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur).	71,23%	28,77%
Mér gengur vel í áfanganum	76,71%	23,29%
Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfanganum	76,71%	23,29%
Ég er virk/ur til jafns við aðra í hópavinnu	75,34%	24,66%

Á haustönninni voru einhverjar takmarkanir vegna Covid-19 en skólustarf gekk þó nokkuð eðlilega fyrir sig. Snemma á vorönninni varð samfélagið í skólanum fyrir miklu áfalli þegar banaslys varð á skólatíma og nemandi lét lífið. Það setti áætlanir og fyrirkomulag kennslu eðlilega úr skorðum fyrstu vikunar á eftir en þó gekk vel að koma nemendum á nokkuð eðlilega braut eftir miðbik annar og náðum við að klára veturinn á góðum nótum.

Nauðsynlegt er að skoða þá þætti hér að ofan sem koma illa út og þá sérstaklega þætti sem skora lágt á báðum önnum. Klárlega geta kennarar og nemendur gert betur í sumum tilvikum og passa þarf að þessar tölur haldi ekki áfram að lækka inn á næsta skólaár.

Spurningakönnunina sjálfa má sjá í viðauka 1 og heildarniðurstöður fyrir báðar annir má sjá í viðauka 1.

Skólalöng

Skólalöng var haldið þann 11. nóvember með nemendum og kennurum skólans.

Upplegg þingsins var að ræða svölítið stefnu skólans og námsskrá og hvað nemendur vilja sjá í námsskránni sem og einkunnarorð skólans en þau má sjá í inngangi að skýrslunni. Nemendum var skipt í hópa sem kennarar svo leiddu í umræðum og tóku niður punkta. Miðað var við að hver hópur væri með u.þ.b. 10 nemendum. Umræðupunktur og skipulag fundarins var eftirfarandi:

1. Hver hópur fær tvær áherslur úr námsskránni og tvö einkunnarorð til þess að fjalla um í 75 mínútur. Hafi hópar meiri tíma á þessum 75 mínútum geta þeir valið sér fleiri námsskraráherslur eða einkunnarorð. Hér var markmiðið að reyna að fá fram hvað í áherslunum er gott og hvað má bæta og hvernig. Svo reynum við að ná fram hvað einkunnarorðin þýða fyrir þeim (nemendum).

2. Síðustu 45 mínúturnar taka hóparnir fyrir þrjú þemu

a. Aðstaðan (þ.m.t. heimavist, mótuneyti, þvottahús, íþróttastaða, gamla laugin)

b. Félagslíf (bæði það skipulagða og hitt) og veran á staðnum.

c. Önnur atriði eða hlutir sem hópurinn vill ræða

Á fundinum sköpuðust miklar umræður og ljóst var að efnið var mikið sem vinna þurfti úr. Þær Bjarney Guðrún Jónsdóttir og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir tóku að sér að taka saman og flokka efnið sem fram kom á fundinum og setja fram aðgerðaráætlun í framhaldi af því. Hana má sjá í viðauka 2.

Viðhorfskannanir


Skólapúlsinn

Könnunin var lögð fyrir í apríl og maí og var svarhlutfallið 61,2% sem er lækkun frá síðasta ári. Svarhlutfall hefur því minnkað síðustu tvö ár og spurning hvort það þurfi að ýta betur á eftir svörum nemenda. Hér að neðan má sjá samantekt á helstu niðurstöðum. Annað árið í röð erum við að horfa á alla þætti varðandi líðan nemenda undir viðmiðum. Við veltum upp þeirri spurningu hversu mikil áhrif takmarkanir vegna Covid síðustu misseri hafi á þær niðurstöður og einnig hvort banaslysið sem var varð við skólann í byrjun febrúar liti niðurstöður í þessum þætti. Í

1. Námsumhverfi

Í fyrra var mikil hækkun í þættinum er varðar viðhorf og hollustu nemenda gangavart skólanum en í ár verður dýfa í þessum þætti sem setur skólann niður að viðmiðunarmörkum.

1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl



Í námsumhverfinu eru tveir þættir yfir viðmiðunarmörkum, annars vegar “Stuðningur kennara við nemendur” (0,9% yfir viðmiðum) og “Tíðni leiðsagnarmats” (1,2% yfir viðmiðum).


Lítill breyting er á öðrum þáttum innan námsumhverfis á milli ára nema í viðhorfi og hollustu nemenda við skólann og þar virðast það vera strákar á 1. og 2. ári sem skora lægst.

2. Virkni í námi

Ef við horfum á breytingar á milli ára í þessum þætti þá eru það “seinkomur í tíma” og “skróp í tíma” sem að aukast en eru þó í kring um viðmið. Einnig kemur fram að krökkunum hjá okkur telja sig verja meiri tíma í skólanum á viku heldur en viðmiðið segir til um, en það má kannski skýra það með samfelldri stundatöflu og heimavist.

3. Líðan

Enn erum við að horfa á neikvæðar niðurstöður í öllum þáttum þessa matsþáttar. Kvíði, áreitni og ofbeldi aukast töluvert á milli ára á meðan einelti virðist aðeins vera að minnka. Eins og kemur fram hérna að ofan þá er tímasetning könnunar lítið að hjálpa til í þessum þáttum þar sem það er mjög ljóst að margir nemendur glíma við mikla erfiðleika í kjölfar banaslys sem varð við skólann í febrúar og það getur haft mikið að segja með þá hækkun varðandi matsþáttinn “kvíði” eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Á þessari mynd sést niðurstaða skólans í samanburði við niðurstöðuna á landsvísi eftir þátttökuárum. Græna línan sýnir niðurstöðu skólans og rauða línan sýnir niðurstöðuna á landsvísi.

Þrátt fyrir það mikla áfall sem skólinn varð fyrir þennan veturinn er samt nauðsynlegt að horfa á niðurstöður síðustu ára, þar sem þessi matsþáttur hefur farið hækkandi, og reyna að vinna í bætingum á þeim þáttum sem við kemur líðan nemenda hér á svæðinu.

Taflan 2021 – 2022

Líðan

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Velliðan	3,0	53	-0,7	4,2	1.191	-1,2*
3.2. Hamingja	45,3%	24/53	-1,9%	59,6%	811/1186	-14,3%*
3.3. Sjálfssálit	3,4	49	-0,1	4,3	1.165	-0,9*
3.4. Stjórn á eigin lífi	2,8	45	-0,3	3,8	1.123	-1,0*
3.5. Þunglyndi	40,0%	16/40	0,6%	19,1%	166/1078	20,9%*
3.6. Kviði	53,8%	21/39	12,1%	33,1%	321/1072	20,7%*
3.7. Svefnleysi	46,2%	18/39	-0,1%	35,6%	391/1086	10,6%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	36	-	-	-	-
3.9. Einelti	26,3%	10/38	-4,0%	14,4%	158/1071	11,9%*
3.10. Áreitni og ofbeldi	51,4%	19/37	6,6%	27,9%	305/1072	23,5%*

www.nidurstodur.skolapulsinn.is

4. Opin svör

Eftir að hafa fengið ábendingar frá nemendum í fyrra að hafa fleiri fræðsluerindi varðandi líðan þá var farið í það í vetur. Það var sett upp plan með fjölbreyttum nálgunum á ýmsa þætti. Þegar við stóðum frammi fyrir hópsmitum í skólanum vegna Covid duttu niður áður tímasett erindi sem ekki gafst svo tími til að fara í síðar í ljósi aðstæðna í skólanum á vorönn. Í ár sjáum við ekki eina skýra línu í svörum nemenda varðandi líðan heldur virðast margir þætti koma inn en kannski ekki einhver einn stór. Markmiðið er að halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið í gangi og halda áfram að halda utan um nemendur sem jókst mikið í kjölfar slyssins. Við vonum svo að leiðin liggi smá saman upp á við í þessum efnun.

Persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks og félagslíf eru þættir sem eru nefndir í því sem er gott við skólann. Aftur á móti er talað um samskipti á milli nemenda og verkefnaálag sem þætti sem betur mættu fara í skólanum.

Stofnun ársins



Framhaldsskólinn á Laugum kemur í heildina mjög vel út úr könnuninni og virðist standa nokkurn veginn í stað frá síðustu könnun. Ómarktækur munur milli ára er á flestum þáttum og er skólinn í 6. sæti yfir allar skólastofnanir í landinu en var í 5. sæti eftir síðustu könnun.

Hægt er að sjá nánari niðurstöður úr könnuninni á heimasíðu skólans, www.laugar.is

Stjórnun

Við mat á stjórnun skólans notumst við við könnunina “Stofnun ársins” og þær niðurstöður sem þar birtast. Þar kemur fram almenn ánægja við stjórnun skólans og lítil breyting virðist vera á milli ára í þeim efnum. Eins og sjá má á myndunum hér að neðan, sem eru allir matsþættir stjórnunar í könnuninni, þá er skólinn að skora hærra en aðrar stofnanir í nær öllum þáttum, hvort sem það eru menntastofnanir eða aðrar. Ómarktækur munur er á öllum þáttum milli ára.

Ítarlegar niðurstöður - Stjórnun *





* Breyting var gerð á þessum þætti 2016 og því ber að túlka þróun með fyrirvara. Nú er spurt um næsta yfirmann í flestum spurningum.



Tölur í sviga sýna breytingu á meðaltali stofnunar frá síðasta ári.

Ítarlegar niðurstöður - Stjórnun frh. *



* Breyting var gerð á þessum bætti 2016 og því ber að túlka þróun með fyrirvara. Nú er spurt um næsta yfirmann í flestum spurningum.



Tölur í sviga sýna breytingu á meðaltali stofnunar frá síðasta ári.

7

Starfsmannaviðtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram 14. – 16. september 2021. Viðtöl tók Ólafur Hjörtur Sigurjónsson skrifstofustjóri Skólameistarafélags Íslands sem vinnur ákveðin verk fyrir hönd skólameistara skólans. Tekin voru 32 viðtöl sem stóðu að jafnaði í 30 mín. Um var að ræða allt starfsfólk skólans óháð starfshlutfalli eða starfsaldri. Starfsfólk í leyfi var ekki kallað í viðtal. Kennslumat þriggja undanfarinna anna var skoðað og kynnt kennurum eftir því sem við átti. Starfsmannaviðtöl sem tekin voru 2019 og 2020 voru höfð til hliðsjónar. Útkoma Skólans í Stofnun ársins könnun sem Sameyki stéttarfélag í almannatjónustu leggur fyrir árlega var höfð til hliðsjónar. Mjög margar gagnlegar ábendingar komu fram í viðtölum.

Ríkjandi viðhorf starfsfólks sem fram kom:


1. Góður starfsandi
2. Traust og trúnaður til skólans
3. Starf með nemendum gefandi og ánægjulegt
4. Framtíðarvinnustaður til næstu ára

Greining á tölulegum gögnum


Meðaleinkunn síðasta skólaárs náði viðmiðunum sem skólinn setti sér fyrir nokkru síðan á báðum önnum. Þar er horft til þess að meðaleinkunn eigi að vera að lágmarki 7,0 en hún hefur verið 6,8 – 6,9 síðustu annir þar á undan. Frá því 2020 hefur meðaleinkunn hins vegar haldist stöðug í 6,8 – 7,1 sem er mun betri árangur en áður hafði náðst.

Ákveðið var í vor að fara í töluverðar breytingar á kennsluháttum og skipulagi í námi nemenda.

Áhugavert verður að fylgjast með afrakstri þeirra breytinga en eitt af því sem lögð verður áhersla á veturinn 2022 – 2023 verður skipulag nemenda í námi.



Samspil mætingar og meðaleinkunnar greinilegt þegar horft er til síðustu 3 ára. Þrátt fyrir Covid þá hefur raunmæting og meðaleinkunn nemenda haldið velli og verið hærri en árin þar á undan. Enn er skólinn að ná þeim árangri að raunmæting nemenda er yfir 85% báðar annir.



Það er tilgáta okkar sem þetta skrifa að þessi árangur með mætingu og meðaleinkunn hefur mikið að gera með aðgengi nemenda að kennurum sínum og það vinnustofukerfi sem skólinn aðhyllist. Sérstakur vinnustofukennari hefur nýst mjög vel og það færir nemendum ákveðinn stöðuleika í þeirra vinnu að hafa sama kennarann til taks nánast hvenær sem er.

Foreldrakönnun

Í febrúarmánuði var lögð fyrir foreldrakönnun á netinu. Þetta er í þriðja skipti sem slík könnun er gerð í skólanum og var könnunin send á alla foreldra barna yngri en 18 ára. Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda séu að svara með einkunnina 1 eða 2 í könnuninni.

Eins og fyrri ár kemur skólinn mjög vel út úr þessari könnun en allir þættir hennar eru yfir viðmiðunarmörkum og vel það. Skólinn og starfsfólk fær mikið hrós frá foreldrum sem hvetur okkur til að halda áfram því góða starfi sem við vinnum hérna á Laugum.

Hægt er að sjá heildarniðurstöðu könnunarinnar og ábendingar frá foreldrum í viðauka 2 og 3.

Námsver á Vopnafirði

Sjötta starfsár Framhaldsdeildar á Vopnafirði hófst í haust og að þessu sinni byrjaði aðeins einn nemandi í Námsverinu. Eftir fyrstu vikuna bættist svo annar nemandi við sem færði sig úr VMA og er í námi á Íþróttabraut. Verkefnisstjóri er Bjarney Guðrún Jónsdóttir.

Hlutverk verkefnastjóra er fyrst og fremst að aðstoða nemendur við námið auk þess að sjá um samskipti við foreldra og kennara á Laugum. Námsfyrirkomulagið er þannig að nemendur eru 3-4 vikur í námsveri og fara svo eina viku í mánuði á Laugar. Á Laugum fá nemendur herbergi á heimavist og ganga inn í stundatöflu sinnar námsbrautar auk þess að taka þátt í daglegu starfi skólans og hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir nemendur. Í námsveri á Vopnafirði vinna nemendur eftir flæðandi stundatöflu sem er ákveðin að hluta til dag frá degi eftir því hvað liggur fyrir. Nemendur, verkefnastjóri og viðkomandi kennari tala sig saman um hvort þörf sé að nýta Teams til fjarfunda en það er misjafnt á milli faga. Annars notum við kennsluvefinn Moodle eins og aðrir nemendur skólans.

Haustönn 2022

Eins og áður byrjaði skólaárið á Laugum í Brunni. Fyrstu þrjú dagarnir í Brunni voru hópeflisverkefni þar sem hópnum er skipt í minni hópa sem leysa hin ýmsu viðfangsefni ásamt því að fá kynningar á starfsháttum skólans. Síðustu tveir dagarnir í Brunni voru settir upp þannig að nemendur mættu í hóptíma og í þeim voru áfangakynningar og fleira. Eftir hádegishlé var hefðbundin kennsla eftir stundaskrá. Kennsla samkvæmt stundaskrá hófst svo á mánudegi og voru nemendur námsversins-á

Laugum fram á miðvikudag vikuna eftir Brunn til að nemendur væru komnir af stað í öllum áföngum og búnir að hitta alla kennarana.

Á Vopnafirði gekk allt vel á haustönninni og námsveravikur voru í október og nóvember. Nemendur í Námsveri sóttu árhátíð skólans í lok námsveraviku og var framkvæmd og skipulag hennar mjög gott. Verkefnastjóri þurfti tvisvar sinnum að færa nemendur í fjarnám vegna Covideinangrunar, verkefnastjóri setti þá upp dagsáætlun og var í sambandi við nemendur í gegn um Teams.

Vorönn 2020

Eftir jólafrí hófst skólinn aftur 10. janúar með móttöku nýnema á Laugum. Nemendur voru á Laugum fyrstu vikuna á önninni sem er nauðsynlegt til að koma nemendum af stað í nýjum áföngum. Eftir samtál við skólameistara og foreldra annars nemandans hjá okkur var tekin ákvörðun um að sá nemandi kæmi ekki í Laugavikur heldur myndi verkefnastjóri sinna honum í gegn um Teams í Námsveravikum.

Námsveravikur voru svo í febrúar mars og apríl. Tónkvísl var haldin í fyrsta skipti í tvö ár í febrúar og var annar nemandinn á Vopnafirði þátttakandi í skipulagningu á henni ásamt því að taka þátt í keppninni sjálfri. Síðasta kennsluvikan á Laugum var svo fyrsta vikan í maí og þá ákvað annar nemandinn að fara og vera þá viku á Laugum og taka þátt í uppskeruhátíð og fleiru sem var í gangi. Þessi nemandi stefnir á skólavist á Laugum næsta vetur og það er jákvætt að hann endi önnina á Laugum.

Úrbætur

Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða 15. Maí '22
Horfa þarf í niðurstöður varðandi "áreiti og ofbeldi" í Skólapúlsinum og setja fram áætlun til útbóta í þeim efnum.	Þarf að vera til áætlun fyrir næsta skólaár	Skólapúlsinn 2021	Virka áætlun fyrir næsta skólaár.	Skólastjórnendur	Var ekki gert
Bæta þjónustu við nemendur á heimavist	Horfa gagnrýnum augum á niðurstöður og athugasemdir úr Skólapúls.	Skólapúlsinn 2021	Betra skipulag er varðar þvottahús og fjölbreytta fæðu.	Starfsmaður í þvottahúsi og matráður.	Gert að hluta
Bæta þarf enn frekar samskipti kennara við sýna nemendur svo upplýsingaflæði og hvatning til náms skili sér betur	Færri samskiptaleiðir eða forrit gæti hjálpað til að ná árangri í þessum málum.	Kennslu-kannanir	Fækka samskiptaleið um / forritum til að auðvelda samskipti og upplýsingaflæði og samræma meðal kennara	Kennarar	Gert að hluta
Gera áætlun um það hvernig við höldum áfram að vekja athygli nemenda á skólanum til að auka enn umsóknir í skólann.	Það þurfa að vera til markmið til langs tíma um það hvernig skólinn ætlar að standa að markaðsmálum.	Fjöldi umsókna fyrir skólaár 2022 - 2023	Búa til makaðs áætlun til að vinna eftir næsta skólaár.	Skólastjórnendur	Var ekki gert

Úrbótaáætlun fyrir 2022 – 2023

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða 15. Maí '23
Horfa þarf í niðurstöður varðandi “kvíða” í Skólapúlsinum '22 og setja fram áætlun til útbóta í þeim efnun.	Að matspáttur í “Skólapúlsinn” lækki milli ára.	Skólapúlsinn 2022-2023	Endurskoða og –skipuleggja stoðþjónustu við nemendur	Skólastjórnendur og námsráðgjafi	
Bæta samskipti nemenda á milli.	Matspættir og athugasemdir í “Skólapúlsinn” batni milli ára.	Skólapúlsinn 2022-2023	Fá utanaðkoman di fyrirlestra um málefnið.	Námsráðgjafi	
Bæta þjónustu enn frekar við nemendur. Vera skapandi í verkefnagerð og við gerð kennsluefnis. Veita nemendum persónulegri aðstoð í vinnustofum.	Að kennslukannanir komi betur út en á síðasta ári.	Kennslukannanir	Hvatning til kennara til að gera betur. Breyta kennsluumhverfinu úr Moodle í Teams.	Kennarar og verkefnastjórn	
Bæta þjónustu við nemendur á heimavist, þvottahúsi og mötuneyti.	Betri niðurstöður í Skólapúls	Heimavistar könnun og/eða skólaþing	Bæta skipulag í þvottahúsi og skerpa á þjónustu.	Skólastjórnendur og starfsfólk viðkomandi starfstöðva	

Heimildir

Skólapúlsinn. (2021, júní). www.skolapulsinn.is

Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021. (2021, ágúst). [sjalfsmatsskyrsla2020-2021.pdf \(laugar.is\)](#)

Stofnun ársins 2021. (mars, 2022). Menntamálaráðuneytið.

Viðauki 1 - Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum

1. Í fagtímum fæ ég tækifæri til að vinna að verkefnum undir leiðsögn kennara.
2. Kennari nýtir fagtíma til að fara yfir glærur og kennsluefni áfangans.
3. Fagtímarnir í áfanganum eru skipulagðir og kennari kemur vel undirbúin í tíma.
4. Fagtímarnir í áfanganum nýtast mér vel
5. Í fagtímum fæ ég tækifæri til að vinna að hópverkefnum.
6. Góður vinnufriður er almennt í hóp- og námstímum.
7. Ég nýti hóp- og námstíma vel til að vinna verkefni í áfanganum.
8. Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í hóp- og námstímum.
9. Ég leita til annarra kennara í hóp- og námstímum til að aðstoða mig í verkefnavinnu í áfangunum.
10. Markmið og kennsluáætlanir í áfanganum voru skýr í upphafi annar.
11. Námsmat í áfanganum var skýrt í upphafi annar.
12. Námsmat, kennsla og verkefni eru fjölbreytt í þessum áfanga.
13. Námsmatsaðferðir í áfanganum henta mér vel (símat, hópavinna, einstaklingsvinna, próf o.þ.h. sem áfanginn býður upp á).
14. Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil (miðað við 8 klst vinnu fyrir hverja einingu).
15. Mér finnst þessi áfangi skemmtilegur.
16. Ég fæ tækifæri til þess að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga.
17. Ég skila verkefnum á réttum tíma.
18. Mér gengur vel í áfanganum.
19. Ég er virk/virkur til jafns við aðra í hópavinnu.
20. Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður upp á ef ég þarf frekari aðstoð (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur).
21. Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfangunum.
22. Kennarinn er jákvæður og hvetur nemendur til að gera sitt besta á áfangunum.
23. Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð verkefna.
24. Kennarinn er stundvís.
25. Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim.
26. Eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri.

Viðauki 2 - Foreldrakönnun – ábendingar svarenda

Hvað finnst þér vera gott við skólann.

- Mér finnst utan umhald starfsfólks á nemendur vera til fyrirmyndar.
- Barnið þitt er ánægt og líður vel og þá líður mér vel að senda það til ykkar 24/7.
- Hvað hann er einstaklingsmiðaður.
- Skólinn mætir þörfum barnsins mín hvort sem er í námi eða persónulega. Gæti ekki verið sáttari.
- Skólastjórinn og annað starfsfólk.
- Mér finnst skólinn til fyrirmyndar hvað varðar síðasta áfall sem kom uppá í skólanum.
- Góð og persónulega þjónusta og vel haldið utan um nemendur.
- Skipulagið, umhverfið, utan umhaldið, fólkið....
- Að dóttur okkur líði vel.
- Vel hugsað um sérþarfir barnsins míns. Nálægt heimili okkar. Sveigjanlegar námsleiðir. Góður skóli með góðu starfsfólki.
- Vel haldið utan um nemendur í skólanum og upplýsingaflæði gott til foreldra. Skólanum vel stjórnað.
- Mjög margt næstum allt.
- Þetta er snilldar skóli.
- Stjórnun og kennsla, vel haldið utan um nemendur.
- Barninu mínu hefur aldrei liðið eins vel í skóla líkt og hann gerir á Laugum, sem skilar sér í bættum námsárangri hjá honum og loksins upplifi ég áhuga hjá honum fyrir náminu! Ég er ánægð með kennarann hans og annað starfsfólk skólans og finn að vel er haldið utan um hann og hans þörfum mætt.
- Starfsfólkið er yndislegt, hæfilegur fjöldi nemenda, umhverfið, námið er sniðið eftir þörfum hvers og eins sem er mjög mikilvægt.
- Starfsfólkið kemur fram við nemendur með virðingu og hlýhug.
- Smæð.
- Virðing starfsmanna skólans gagnvart nemendum, þörfum þeirra mætt, reynt að finna lausnir fyrir nemendur. Starfsfólk sýnir nemendum hlýju og vinsemd. Nem fá aðstoð við hæfi. Gott að eiga í samskiptum við starfsfólk. Tónkvísl. Einstakur námsráðgjafi. Auðvelt fyrir foreldra að fylgjast með námi barnanna í gegnum Moodle. Sveigjanleiki.
- T.d. fyrirkomulagið á náminu. Allt gott við þennan skóla.
- Samstaða og velferð nemenda er í fyrirrúmi.
- Skipulag námsins og persónuleg þjónusta þar sem skólinn er ekki stór. Góðir og upplýsandi póstar frá skólameistara.
- Mjög góð aðstoð við vandamál milli nemenda og aðstoð við nám.

Hvað finnst þér að mætti bæta við skólann.

- Ekki viss.
- Eflaust eitthvað en mér dettur ekkert í hug.
- Ég sé nú ekkert slíkt í fljótu bragði.
- Veit ekki

- Veit ekki, best að nemendur svari þessu.
- Allt til fyrirmyndar.
- Mig langar að kynna mér kennslu aðferðir því sonur minn á erfitt með enskuna.
- Ekkert sem mér dettur í hug.
- Ekkert sem ég get séð.
- Betri stuðningur í námi. Betri eftirfylgni í námi. Betra viðhald á heimavist.
- Boðið upp á „verklegt námskeið“ (handavinnutengt, matreiðsla, smíðar).
- Styttu föstudaga svo nemendur sem þurfa að ferðast með rútu heim um helgar séu með færri tíma sem teknir eru af mætingu.
- Barnið mitt hefur nefnt að það vanti sárlega ryksugu á Tröllastein- tengist kannski ekki starfi skólans.

Er eitthvað annað sem þú villt koma á framfæri?

- Ég vil þakka fyrir hvað þið haldið vel utan um nemendur og gott að vita hvað allir skipta máli.
- Ég vil koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsmanna Lauga þið eruð algerlega frábær.
- Sérstakt hrós á skólameistara fyrir viðbrögð hans síðustu vikna við hræðilega erfiðar aðstæður.
- Gott val hjá barninu.
- Það mætti herða reglur umgengni reglur á kvöldin á heimavist/stytta þann tíma sem vistin er opin eða sem sagt knýja börnin til að vera komin t.d. kl. 22 á vistinna.
- Nei
- Mín upplifun er, að í skólanum er unnið metnaðarfullt starf með jákvæðu starfsfólki sem greinlega er alltaf tilbúið að hjálpa.
- Ég mæli 100% með þessum skóla.
- Aðstandendur Laugaskóla eiga heiður skilið fyrir utan umhald og aðstoð við nemendur á síðustu vikum.
- Það væri frábært að samgöngur til og frá skólanum væru betri, t.d. rútuferðir á tímum sem henta skólanum.
- Í upplýsingagjöf sem er annars góð vantar fræðslu/upplýsingar til nýnema/foreldra um ýmsa viðburði. Allar upplýsingar miðast við að lesandi þekki reglubundna viðburði.
- Takk fyrir ykkar þátt í að ala upp barnið mitt, takk fyrir að koma fram við það af vinsemd, sýna skilning, þolinmæði og væntumþykju.
- Væri frábært ef hægt væri að hafa val um þvottþjónustuna, að þurfa ekki að borga þvottgjaldið ef sú þjónusta er ekki notuð.
- Starfsfólk skólans og heimavistarinnar eiga RISA STÓRT HRÓS skilið fyrir að vera frábær í alla staði. Algjörir englar í mannsmynd. Allir skólar og heimavistar ættu að taka ykkur til fyrirmyndar. Áfram þið.
- Hrós til ykkar og þakklæti fyrir að halda vel utan um alla á ykkar erfiðu tímum. Barnið mitt hefur ekki náð miklum tengslum við aðra nemendur og aðallega inn á herbergi þegar skóla og íþróttum er lokið. Það er samt ekki við ykkur að sakast í þeim efnum því þetta snýst um að brjótast út úr skelinni.
- Mér finnst að það ætti að vera meira í boði fyrir t.d. grænmetisætur og svona. Vegna þess að það er boðið upp á kjöt svo oft að það ætti að vera eitthvað auka fyrir þau sem ekki borða kjöt.

Viðauki 3 – Niðurstöður úr foreldrakönnun

Niðurstöður úr foreldrakönnun má sjá á eftirfarandi link:

https://forms.office.com/Pages/AnalysisPage.aspx?AnalyzerToken=TiATVTnisGqx13SZ81eLtjm8AZrNxhtr&id=BU0VhQ_0-0-5P1G61igg8ezarW_laUFAjWrJXF_pljdUMUYwNE45UjBJTUJWWIQyUUK2QkZON0VBTiQIQCN0PWcu

Viðauki 4 - Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2021-2022)

Sjálfsmatsteymi yfirfer gátlista þennan einu sinni á ári. Því skal vera lokið fyrir lok haustannar. (Unnið upp úr leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla).

Farið er yfir hvort eftirfarandi atriði skólanámskrár eru aðgengileg á heimasíðu skólans og hvort þurfi að uppfæra þær eða breyta.

Gátlisti: Innihald skólanámskrár	Já	Nei	Athugasemdir
Sérstaða skólans	x		
Stefna skólans og framtíðarsýn	x		
Árleg starfsáætlun skóla	x		
Skólanefnd	x		
Skólaráð	x		
Starfsmannastefna		x	
Jafnréttisstefna	x		
Umhverfisstefna	x		
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum	x		Heilsueflandi framhaldsskóli
Áætlun um einelti	x		
Áfallaáætlun	x		Viðbragðsáætlun við áföllum
Námsbrautalýsingar	x		
Áfangalýsingar	x		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, námsver og fjarnám	x		
Námsaðstaða og aðbúnaður við nemendur	x		
Þjónusta við nemendur: leiðsögn, námsráðgjöf og sértæk námsúrræði	x		
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag	x		
Félagslíf nemenda		x	Sér síða spurning um að setja link á nemendafélagið
Almennar skólareglur	x		
Heimavistarreglur	x		
Skólasóknarreglur	x		
Víðurlög við brotum á skólareglum	x		
Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála	x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögaldri		x	Aðallega það sem tengist skráningu veikinda ólöggráða nemenda
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nær samfélag	x		
Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati	x		Langtímaáætlun ekki birt
Matsáætlun fyrir skólaárið		x	